

403. fundur

Bæjarráð Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 2. febrúar 2006 kl. 17:00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Elísabet L. Björgvinsdóttir, formaður
Rúnar Gíslason,
Davíð Sveinsson,
Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Formaður setti fund og fól síðan bæjarstjóra fundarstjórnun.

1. Fundargerðir nefnda.
 - 1.1. Skólanefnd Tónlistarskóla, dags. 30.1.2006.
Fundargerðin samþykkt.
 - 1.2. Skipulags- og bygginganefnd, dags. 17.1.2006.
Fundargerð framlögð. Liðir 1,2,3,4,7,12 og 15 samþykktir. Davíð sat hjá við lið 7. Lið 8 frestað og vísað til næsta bæjastjórnarfundar. Liður 17 afgeiðsla staðfest. Fundargerð samþykkt.
 - 1.3. Hafnarnefnd, dags. 1. febrúar 2006.
Liður 3 bæjarstjóra falið að vinna áfram í málinu og afgreiðslu vísað til bæjarstjórnar. Fundargerðin samþykkt.
2. Aðrar fundargerðir.
 - 2.1. 64. fundargerð Breiðfjarðarnefndar, dags. 12.12.2005.
Fundargerð framlögð.
 - 2.2. 12. fundur Framkvæmdaráðs Snæfellsness, dags. 23.1.2006.
Fundargerð framlögð.
3. Bréf Guðmundar P. Ólafssonar f.h. Ljósmyndasafns Stykkishólms, dags. 15.12.2005.
Guðmundur Páll Ólafsson, Sigurlína Sigurubjörnsdóttir, Guðrún Anna Gunnarsdóttir og Rakel Olsen komu á fund og gerðu grein fyrir starfi Ljósmyndasafns Stykkishólms og voru málefni safnsins rædd. Niðurstöður fundar að gengið verði frá framtíðarskipulagi Ljósmyndasafnsins, þannig að stjórnskipuleg staða safnsins verði skýr og einnig verði gengið frá verklýsingu fyrir starfsemi þess. Vísað til bæjarstjórnar.
4. Minnisblöð varðandi gjöf Haraldar Sigurðssonar – Eldfjallasafn Íslands.
Minnisblöð framlögð. Bæjarráð fagnar gjafatilboði Haraldar Sigurðssonar og lýsir sig reiðubúið að leggja Eldfjallasafni Íslands til viðeigandi lóð.
5. Bréf Málflutningsstofu Snæfellsness, dags. 26.1.06, varðandi innheimtuferli.
Samþykkt að þessum reglum verði framfylgt við innheimtu hjá Stykkishólmsbæ.
6. Kauptilboð vegna Sjávarflatar 7.
Kauptilboð vegna Sjávarflatar 7 samþykkt.
7. Bréf FSS, dags. 19.1.2006, varðandi námskeið fyrir dagforeldra á Snæfellsnesi.
Samþykkt að greiða niður fyrir hvern einstakling frá Stykkishólmi sem sækir námskeiðið um kr. 25.000.
8. Beiðni Aftanskins, dags. 23.1.2006.
Samþykkt að ellilífeyrisþegar með lögheimili í Stykkishólmi fái frítt í sundlaugina. Samþykkt að veita Aftanskin styrk að upphæð kr. 50.000.

9. Erindi frá Norska húsinu.
Samþykkt að veita Norska húsinu styrk að upphæð kr. 34.963.
10. Bréf Lionsklúbbs Stykkishólms, dags. 12.1.2006, vegna fasteignagjalda árið 2006.
Samþykkt að veita Lionsklúbbi Stykkishólms styrk að upphæð kr. 95.023 vegna fasteignagjalda. Lionsklúbbum er bent á Orkuveitu Reykjavíkur varðandi niðurfellingu á vatnsgjaldi.
11. Bréf Kvenfélagsins Hringsins, dags. janúar 2006, vegna fasteignagjalda árið 2006.
Samþykkt að veita Kvenfélaginu Hringnum styrk að upphæð kr. 144.023 vegna fasteignagjalda. Kvenfélaginu Hringnum er bent á Orkuveitu Reykjavíkur varðandi niðurfellingu á vatnsgjaldi.
12. Bréf Vinnueftirlitsins, dags. 17.1.2006, varðandi vinnuverndaráttak í grunnskólum 2006.
Framlagt.
13. Fjárhagsáætlun Framkvæmdaráðs Snæfellsness.
Fjárhagsáætlun framlögð.
14. Framkvæmdaáætlun Snæfellsness 2006.
Framkvæmdaáætlun framlögð.
15. Bréf Félagsmálaráðuneytisins, dags. 27.12.2005, varðandi reglugerð um fasteignaskatt.
Framlagt og bæjarstjóra falið að semja reglur um styrki til félagasamtaka vegna fasteignaskatts.
16. Samþykkt LN vegna Félags leikskólakennara og vegna stéttarféлага sem samið hafa um starfsmat við nefndina.
Bæjarráð samþykkir samþykkt Launanefndar sveitarfélaga og Félags leikskólakennara. ELB sat hjá. Bæjarráð samþykkir þá hámarksleið sem Launanefnd sveitarfélaga leggur til, vegna stéttarféлага sem samið hafa um starfsmat við nefndina. Leitað verður staðfestingar Launanefndar sveitarfélaga á útreikningum.
17. Bréf Golfklúbbsins Mostra, dags. 1.2.2006, vegna fasteignagjalda árið 2006.
Samþykkt að veita Golfklúbbum Mostra styrk að upphæð kr. 142.434 vegna fasteignagjalda. Golfklúbbum Mostra er bent á Orkuveitu Reykjavíkur varðandi niðurfellingu á vatnsgjaldi.
18. Tilnefning varamanns í stjórn Háskólaseturs.
Einar Gunnarsson tilnefndur sem varamaður í stjórn Háskólaseturs.
19. Bréf um uppsögn umboðsmanns Skattstjóra Vesturlandsumdæmis í Stykkishólmi, dags. 27.1.2006.
Bréf framlagt.
20. Tillaga frá Elísabetu Láru Björgvinsdóttur.
“Legg til að Stykkishólmsbær taki þátt í orkuátaki Latabæjar í febrúar með því að bjóða öllum Grunnskólabörnum í Stykkishólmi frítt í sund í febrúarmánuði frá og með laugardeginum 4. febrúar, um helgar og á virkum dögum á milli kl. 7 og 20.”
Tillaga samþykkt.
21. Berglín ehf. sumarbústaðalóðir.
Baldur Heiðarsson gerði grein fyrir umsókn sinni um sumarbústaðalóðir.
22. Þriggja ára fjárhagsáætlun fyrir Stykkishólmsbæ fyrir árin 2007-2009.
Unnið í fjárhagsáætlun og henni vísað til bæjarstjórnar.

23. Erindi Hesteigendafélagsins vegna byggingar reiðskemmu.
Bæjarstjóri gerði grein fyrir málinu.
24. Tillaga frá Elísabetu Láru Björgvinsdóttur um að skipuð verði þriggja manna nefnd til að halda utan um vinnu samkvæmt tillögu nefndar í stefnumörkun í húsnæðismálum Grunnskólans og Tónlistaskólans frá því í nóvember 2005.
Tillaga samþykkt.
25. Davíð Sveinsson lagði til að kannaður yrði möguleiki á þátttöku í sameiginlegu útboði Grundarfjarbæjar og Snæfellsbæjar í sorphirðu, þannig að Stykkishólmsbær geti gengið inn í tilboðið þegar núverandi samningur rennur út í maí 2007.
Samþykkt að bæjarstjóri kanni möguleikann.

Fundargerðin upplasin og samþykkt.

Fundi slitið kl.21:20

Þór Örn Jónsson, bæjarritari